

Eintak án trúnaðarupplýsinga

Ákvörðun nr. 1/2025
Miðvikudagurinn, 15. janúar 2025

Kaup Kapp Skagans ehf. á lausafé úr þrotabúi Skagans 3X ehf.

- Með ákvörðun þessari er tekin afstaða til kaupa KAPP Skagans ehf. (hér eftir „Kapp Skaginn“) á lausafjármunum úr þrotabúi Skagans 3X ehf. (hér eftir „Skaginn 3X“), en fyrirtækin starfa m.a. á markaði fyrir framleiðslu og þjónustu á búnaði fyrir matvælaframleiðslu. Gerir Samkeppniseftirlitið ekki athugasemdir við kaupin.
- Fullnægjandi tilkynning barst Samkeppniseftirlitinu þann 9. desember 2024 og byrjuðu frestir að líða þann 10. desember 2024. Með tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga og reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 1390/2020. Samrunatilkynningin reyndist upphaflega ekki fullnægjandi, en bætt var úr því með framangreindri tilkynningu.
- Áður hafði Samkeppniseftirlitið samþykkt beiðni samrunaaðila um heimild til að láta samrunann koma til framkvæmda með undanþágu frá banni við því að framkvæma samrunann á meðan eftirlitið fjallar um hann. Er eftirlitinu heimilt að veita slíka undanþágu ef sýnt þyki að tafir á framkvæmd samruna geti skaðað viðkomandi fyrirtæki eða viðskiptaaðila þess og að samkeppni sé stefnt í hættu. Samkeppniseftirlitið féllst á rök samrunaaðila eftir að hafa kynnt sér gögn þar að baki. Starfsemi félagsins hófst síðan þann 1. nóvember 2024 á grundvelli framangreindrar undanþágu Samkeppniseftirlitsins.
- Með samrunaskrá fylgdu margvísleg gögn, þ.m.t. kaupsamningur milli kaupenda og seljenda um viðskiptin, ársreikningar samrunaaðila og tengdra aðila ásamt hluthafasamkomulagi. Við meðferð málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, þeirra gagna sem með fylgdu og aðgengilegra upplýsinga um viðkomandi starfsemi og samkeppnismarkaði. Jafnframt voru hafðar til hliðsjónar eldri ákvarðanir um samruna fyrirtækja sem starfa á sömu mörkuðum.
- Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yfirráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða það nái yfirráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki.
- Í samrunaskrá segir að með samningi sem var undirritaður þann 11. október 2024 hafi Kapp Skaginn og þrotabúi Skagans 3X komist að samkomulagi um kaup Kapp Skagans á öllu tiltæku lausafé úr þrotabúinu. Með kaupsamningnum kaupir KAPP Skaginn allt tiltækt lausafé í eigu þrotabúsins, eins og það stóð við undirritun kaupsamningsins, á kaupverðinu kr. []. Þar kemur jafnframt fram að kaupendur þrotbúsins taki til leigu fasteignir sem hýstu starfsemi Skagans 3X sem eru nú í eigu Íslandsbanka og [].



I. Aðilar að samrunanum

7. Eins og fyrri greinir eru aðilar samrunans Kapp Skaginn og þrotabú Skagans 3X vegna kaupa á eignum úr búinu. Kapp Skaginn er í eigu L1250 ehf. (hér eftir „L1250“), sem á 100% hlutfjár í Kapp Skaganum. L1250 ehf. er eignarhaldsfélag sem var stofnað í ágúst 2024 í tilefni af þeim samruna sem hér er til umfjöllunar.
8. Eignarhaldsfélagið L1250 er í meirihlutaeigu KAPP ehf. (hér eftir „Kapp“), sem fer með 51% eignarhlut. Aðrir hluthafar með meira en 10% eignarhlut eru MOBB Investimentos Ltda. (19%) og eignarhaldsfélagið VGJ ehf. (12%), auk annarra smærri hluthafa sem fara hver um sig með eignarhlut í Kapp Skaganum á bilinu 1-4%. Samkvæmt samrunaskrá hefur L1250 ekki aðra eiginlega starfsemi en að halda utan um eignarhald á Kapp Skaganum.
9. Í samrunaskrá segir enn fremur að KAPP sé einkahlutafélag sem starfi við framleiðslu á ísvélum og fylgihlutum þeirra, sölu og uppsetningu á kæli- og frystikerfum, auk framleiðslulínum fyrir sjávarútveginn. Fyrirtækið þjónustar jafnframt kælibúnað og annan véla- og tækjabúnað fyrir allan iðnað og býr yfir alhliða véla-, kæli-, og renniverkstæði. Auk þess veiti félagið faglega ráðgjöf ásamt því að bjóða upp á ýmsar lausnir, hönnun og sérsmíði. Einnig sé félagið heildsali fyrir ýmsan kælibúnað og varning fyrir flutningaiðnaðinn. Félagið sé með sölufulltrúa í 7 löndum og starfsstöðvar í Kópavogi, Þorlákshöfn, Vestmannaeyjum og Grundafirði. Auk þess reki félagið þjónustustöðvar á Akureyri og á Reyðarfirði.
10. Tveir aðilar séu nú eigendur að KAPP sem eru annars vegar IS HAF fjárfestingar slhf. (hér eftir „IS HAF“) (41%) og hins vegar Freyssynir ehf. (hér eftir „Freyssynir“) (59%). Félögin tvö fara því með sameiginleg yferráð yfir KAPP.
11. Í samrunaskrá kemur fram að IS Haf sé lokaður sjóður og hafi verið stofnaður af Íslandssjóðum í upphafi árs 2023. Fjárfestingum sjóðsins sé dreift innan haftengdrar starfsemi eða allt frá útgerðum og fiskeldi yfir í hátækni, innviðaupbyggingu, markaðsetningu og sjávarlíftækni. Í ákvörðun nr. 46/2023, *Kaup IS Haf á 40% hlut í KAPP*, er fjallað nánar um sjóðinn og þar kemur m.a. fram að um sé að ræða sérhæfðan sjóð í skilningi laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Sjóðnum sé stýrt af Íslandssjóðum sem eru í eigu Íslandsbanka hf. Íslandssjóðir séu með starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfasjóða samkvæmt lögum nr. 116/2021 og sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða samkvæmt lögum nr. 45/2020
12. Freyssynir ehf. eru samkvæmt samrunaskrá eignarhaldsfélag og fer eins og fyrr segir með sameiginleg yferráð yfir KAPP. Félagið starfi að sögn samrunaaðila við fjárfestingar, kaup og sölu fasteigna, umboðssölu, smá- og heildsölu, ásamt rekstri fasteigna, lánastarfsemi og fjársýslu. Önnur félög í eigu Freyssonar eru:
 - FF Fasteignir ehf. (100%).
 - Garðavegur ehf. (51%).
 - GEFA ehf. (50%).
 - Kælifélagið ehf. (50%).

Samkvæmt samrunaskrá starfar Kælifélagið ehf. á markaði fyrir þjónustu við frysti- og kælikerfi eða hugsanlega á sama markaði og samrunaaðilar.

13. Eins og fyrr greinir fer MOBB með 19% eignarhlut í KAPP Skaganum. Um er að ræða nýstofnað eignarhaldsfélag sem hyggst fjárfesta í öðrum rekstri. Í samrunaskrá segir að félagið fari ekki



með yferráð í neinum öðrum félögum nema KAPP Skaganum. Jafnframt kemur fram að ekkert félag sem sé undir sömu yferráðum og MOBB hafi veltu hér á landi.

14. Í samrunaskrá segir að tilgangur eignarhaldsfélagsins VGJ, sem fer með 12% hlut í KAPP Skaganum, sé kaup og sala hlutbréfa, lánveitingar, fjárfestingar í þróunar og uppbyggingarverkefnum, rekstur og leiga fasteigna og annar skyldur rekstur. Önnur félög í eigu VGJ eru:
 - Fasteignarfélagið Hús ehf. (100%).
 - Factoring ehf. (33%).
 - Brekkusmári ehf. (100%).
 - RH ehf. (100%).
15. Samkvæmt samrunaskrá skarast starfsemi ofangreindra félaga í hluthafahópnum ekki á við starfsemi samrunaaðila.

II. Skilgreining markaða

16. Samkvæmt b-lið 7. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga, sbr. einnig viðauka II við reglur nr. 1390/2020, skal í styttri tilkynningu um samruna koma fram lýsing á þeim vöru- eða þjónustumörkuðum og landfræðilegu mörkuðum sem samruninn hefur áhrif á. Samrunaaðilar telja þó ekki þörf á að skilgreina með nákvæmum hætti þann vöru eða landfræðilega markað sem samrunaaðilar starfa á þar sem skörun í starfsemi þeirra sé fremur lítil. Í samrunaskrá er farin sú leið að lýsa stuttlega þeim mörkuðum sem samrunaaðilar og tengd félög starfi á.
17. Í samrunaskrá segir að tilgangur KAPP Skagans sé að endurvekja þá starfsemi sem áður var undir nafni Skagans 3X. Í upphafi verði lögð áhersla á framleiðslu og sölu laus- og plötufrysta að sögn aðila. Auk þess verði einnig lögð áhersla á að þjónusta þær vörur sem Skaginn 3X seldi áður. Markmið félagsins til lengri tíma sé að útvíkka starfsemina þar sem lögð verði áhersla á heildarlausnir í sjávarútvegi og jafnvel í kjúklíngaiðnaði í kringum frystilausnir félagsins.
18. Fjallað var um starfsemi þeirra félaga sem síðar runnu saman í Skagann 3X í ákvörðun SE nr. 4/2014. Var þar litið svo á að samrunaaðilar störfuðu á markaði fyrir hönnun og framleiðslu á háþróuðum búnaði til matvælaframleiðslu, og þjónustu því tengdu.
19. Í fyrrgreindi ákvörðun SE nr. 4/2014 var landfræðilegi markaðurinn talinn vera alþjóðlegur. Samrunaaðilar telja því með vísan til þess markmiðs að endurvekja starfsemi Skagans 3X að KAPP Skaginn muni starf á sama markaði eða markaði fyrir hönnun og framleiðslu á tæknibúnaði til matvælaframleiðslu. Hvað landfræðilegan markað varir þá vísa samrunaaðilar til sömu ákvörðunar og telja landfræðilegan markað vera alþjóðlegan og/eða a.m.k. hann afmarkist við Evrópu enda séu flestir keppinautar félagsins erlendir.
20. Í samrunaskrá kemur einnig fram að starfsemi KAPP sé á markaði fyrir framleiðslu og þjónustu á búnaði fyrir matvælaframleiðslu. Nánar tiltekið að KAPP sé tæknifyrirtæki sem sérhæfi sig í og starfi á markaði fyrir framleiðslu, þjónustu og sölu á kælikerfum fyrir verslun og iðnað. Samrunaaðilar telja einnig þann landfræðilega markað sem félagið starfi á í því tilliti vera alþjóðlegan. Félagið selji eins og keppinautar sínir vörur á alþjóðlegum mörkuðum og um [] veltu félagsins á árinu 2024 (fram að samrunatilkynningu) hafi verið vegna erlendar sölu.
21. Önnur félög í eigu samrunaaðila, nema Kælifélagið sem hefur að mati samrunaaðila litla markaðshlutdeild, hafi enga skörun við starfsemi KAPP eða fyrirhugaða starfsemi Kapp



Skagans. Samrunaðilar telja að félögin tvö, þ.e. KAPP og KAPP Skaginn og áður Skaginn 3X starfi í meginatriðum á ólíkum mörkuðum. Af þeim sökum telji samrunaaðilar að samruninn muni hafa í för með sér óverulega samþjöppun.

22. Að mati samrunaaðila hafi starfsemi Skagans 3X þó að hluta til skarast við starfsemi KAPP eða á markaði fyrir ískrapavélar og plötufrysta. Samrunaaðilar telja að hlutdeild félaganna á markaði fyrir ískrapavélar sé vel undir 5%. Á markaði fyrir plötufrysta hafi Skaginn 3X framleitt plötufrysta en Kapp þróað og selt kerfi sem keyrir áfram plötufrysta.
23. Að mati Samkeppniseftirlitsins hefur ekkert komið fram við rannsókn málsins sem gefur tilefni til að skilgreina vörumarkaðinn með öðrum hætti en samrunaaðilar hafa talið, en ekki er þó tekin formleg afstaða til viðkomandi markaða þar sem þess er ekki þörf við lausn þessa máls í ljósi takmarkaðra áhrifa samrunans og þeirrar takmörkuðu samkeppni sem stafar frá hinu keypta úr áður nefndu þrotabúi.
24. Að mati Samkeppniseftirlitsins má taka undir með aðilum og benda gögn málsins til þess að félögin starfi og hafi starfað að miklu leiti á alþjóðlegum markaði. Samkvæmt samrunaskrá er talið að um []% af tekjum Skagans 3X hafi að jafnaði verið vegna útflutnings og um []% af tekjum KAPP. Landfræðilegur markaður málsins sé því sennilega stærri en Ísland og eftir atvikum a.m.k. EES-svæðið. Í þessu sambandi má einnig nefna ákvarðanir 41/2021 (*Kaup Marel Iceland ehf. á Völku ehf.*) og nr. 46/2023 (*Kaup IS Haf fjárfestinga slhf., á að lágmarki 40% hlut í KAPP ehf.*) þar sem er komist að sömu niðurstöðu um landfræðilegan markað.

III. Samkeppnisleg áhrif og niðurstaða

25. Eins og hér að framan greinir og fram kemur í samrunaskrá felur samruninn í sér sölu á lausafé, en ekki óbreyttum rekstri Skagans 3X, enda sé sá rekstur ekki fyrir hendi lengur. Þá sé ekki verið að taka yfir viðskiptasamninga eða viðskiptasambönd. Að mati samrunaaðila hafi verðmæti eigna rýrnað frá því að félagið var úrskurðað gjaldþrota sem hafi jafnframt grafið undan möguleikum á að endurreisa reksturinn. Að mati Samkeppniseftirlitsins beri kaupverðið einnig vott um að verðmæti félagsins hafa rýrnað verulega við gjaldþrotið. Að sögn samrunaaðila hafi einnig lykilstarfsmenn fyrirtækisins ráðið sig til starfa annarsstaðar.
26. Líkt og greinir í samrunaskrá telji aðilar ljóst að samruninn muni ekki leiða til samkeppnislega skaðlegra áhrifa. Þar segir enn fremur að Skaginn 3X hafi ekki haft neina starfsemi frá gjaldþroti og hafi félagið því ekki starfað á viðkomandi mörkuðum síðan þá. Endurreisn félagsins sé því fremur fallin til þess að efla samkeppni enda hafi fyrrum viðskipti félagsins flust yfir til keppinauta þess í kjölfar gjaldþrotsins. Þá segir í tilkynningu samrunaaðila að KAPP, stærsti hluthafi Kapp Skagans, starfi á markaði fyrir framleiðslu, sölu og þjónustu á kæli og frystikerfum. Markaður sem Skaginn 3X starfaði á hafi hins vegar verið alþjóðlegur, markaðshlutdeild félagsins verið lág og samkeppni hörð. Jafnframt muni endurreisn félagsins taka langan tíma og vera kostnaðarsöm og samruninn sé þess eðlis að hinar keyptu eignir verði reknar í sjálfstæðu félagi. Að mati samrunaaðila myndist því hvorki né styrkist markaðsráðandi staða. Af því leiði að samrunaaðilar verði ekki í þeirri stöðu að geta beitt aðgerðum til að skaða eða raska samkeppni á þeim mörkuðum sem Skaginn KAPP starfar á.
27. Að mati Samkeppniseftirlitsins má álykta sem svo að Skaginn 3X hafi haft með sér starfsemi sem fólst í framleiðslu á tækjabúnaði og þjónustu fyrir matvælaíðnað, þ.á.m. fiskeldi og sjávarútveg, og þó hægt sé að líta svo á að KAPP starfi að hluta til einnig á sömu mörkuðum, þá sé hér um viðskipti að ræða sem varði lausafé úr gjaldþrotafyrirtæki en ekki heildstæðan rekstur



með viðskiptasamböndum. Með vísan til fyrri umfjöllunar stafar því takmarkað eða ekkert samkeppnislegt aðhald frá umræddum eignum fyrir samrunann, eins og atvikum er háttað í þessu máli. Af þessum sökum og þrátt fyrir að um láréttan samruna sé að ræða, og meirihluta eignarhalds KAPP á KAPP Skaganum, telur Samkeppniseftirlitið samkeppnisleg áhrif samrunans vera lítil.

28. Samkeppniseftirlitið getur því tekið undir sjónarmið samrunaaðila um sennileg takmörkuð áhrif samrunans á samkeppni. Með vísan til fyrirliggjandi gagna og framangreindrar umfjöllunar fær Samkeppniseftirlitið ekki séð að samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist, eða að hann leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Á grundvelli þess telur Samkeppniseftirlitið ekki ástæðu til að aðhafast í tengslum við þennan samruna né rannsaka hann frekar, og lýkur því rannsókn eftirlitsins á fyrsta fasa.

Ákvörðunarorð:

„Kaup Kapp Skagans ehf. á lausafjármunum úr þrotabúi Skagans 3X. ehf. felur í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson